

Frá Íran til Ísafjarðar



Majid Eskafi nemandi við Háskólasetur Vestfjarða

„Ég verð að segja að samfélagið hér er alveg einstakt. Mér hefur fundist alveg frábært hversu hjálplegt fólk er hérna og mér finnst Íslendingar vera eins og ein stór fjölskylda, sem þið kannski eruð, þar sem þið eruð ekki svo mörg. Ef ég hef þurft á einhverju að halda þá er fólk boðið og búið að reidda því. Velvildin sem hér er að finna er alveg einstök á heimsvísu, ég er viss um að það finnst ekkert þessu líkt annars staðar.“

— sjá bls. 3-5



Óháð fréttablað á Vestfjörðum **BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 21. júlí 2016 · 28. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak




GÚSTI



HAMRABORG

Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



**HAMRABORG
SAMLOKA**
Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



**HAMRABORG
SAMLOKA**
Geymist við 0-4°C

með roastbeef



**HAMRABORG
SAMLOKA**
Geymist við 0-4°C

með kjúklingsalati



**HAMRABORG
SAMLOKA**
Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

*Alltaf
nýsmurt*



Útgefandi: Athafnagledi ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Abyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Bládamadur: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Hörmungar um hásumar

Meðan friðsælir Vestfirðingar undirbúa og halda hátíð urra illmennin út í henni veröld. Í Nice ekur brjálæðingur yfir saklaust fólk, foreldra og börn og í Tyrklandi hófst atburðarrás sem ekki sér fyrir endann á.

Í júlí 2011 sprengdi Anders B. Breivik sprengju í miðborg Oslo og í kjölfarið hóf hann skotárás á ungmenni í Útey og áður en yfir lauk lágu 77 í valnum, af hverju, jú helsta tilefni árásanna er talið múslimahatur. Nú fimm árum seinna, í júlí 2016 sest ungur maður upp í vörubíl í Frakklandi og ekur miskunnarlaust yfir fólk sem á sér einskis ills von, af hverju, enginn veit. Þessir menn voru einu sinni saklaus börn, hvernig fór samfélagið að því að breyta þeim í þessi hræðilegu skrímsli, hvaðan kemur þetta hatur.

Við getum ekki haft hönd í bagga með uppeldi barna í öðrum löndum en við getum haft áhrif í okkar nærsamfélagi og þannig komið í veg fyrir íslenska Breivika. Umberum ekki ofbeldi og leyfum ekki hatursmæðu, tileinkum okkur umburðalyndi og samkennd. Leyfum engum með trúarbrögð að vopni að níða eða kúga og útrýmum fordómum. En fyrst og fremst þurfum við að huga hvort að öðru og tryggja réttlátt og gleðiríkt umhverfi fyrir alla, umhverfi þar sem er pláss fyrir fólk af mismunandi uppruna og öll trúarbrögð.

Guðmundur Andri Thorsson rammur inn réttu viðbrögðin í grein á Vísi.is mánudaginn 18. júlí.

„En hatri verður ekki mætt með hatri. Hatrið nærast á hatri. Eina sem dugir gegn vondum hugmyndum eru góðar hugmyndir. Eina sem dugir gegn öflum haturs og myrkraverka er að bjóða upp á betri lífskjör, meiri birtu, meiri mat, meira líf, meiri leik, meiri gleði, meiri kærleika.“

Á afmælishátíð Ísafjarðar var gleðin við völd og veðrið lék við okkur, frábærlega vel heppnuð hátíð og það að hlaupahátíðina skyldi bera upp á sömu helgi var bara betra. Hér gátu allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Aðstandendur gleðinnar eiga þakkir skilið, þessi helgi verður okkur jafn fersk í minni og þeirra sem upplifðu gleðina 1966.

BS

Spurning vikunnar

Hefurðu farið í göngu um Hornstrandir?

Alls svöruðu 531.
 Já, sögðu 248 eða 47%
 Nei, sögðu 283 eða 53%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Finnbogi Hermannsson

– Sjónarmið –

Þá frelsarinn gefur veðrið blítt

Fagurt er í fjörðum þá frelsarinn gefur veðrið blítt, kvað Björg Einarsdóttir á 18. öld og er enn sungið á þeirri 21. við fornt þjóðlag. Og fagurt hefur verið í fjörðum hér vestra það sem af er sumri. Þá gleymast einmánaðadægri og norðanþræsingurinn sem aldrei hafi verið. Nóttlaus voraldir veröld ríkir þá yfir landinu og fjöllin eru rósráud um lágnaettið þegar sólin neitar að láta af sínu.

Fagurt er í fjörðum þá frelsarinn gefur veðrið blítt, hey er grænt í gördum, grös og heilagfiskið nýtt. Hamrahlíðarkórinn hljóðritaði þetta kvæði við íslenskt þjóðlag á sínum tíma og þess getið að séra Sigtryggur Guðlaugsson á Núpi í Dýrafirði hefði bjargað því frá glötun og sent það Bjarna Þorsteinssyni á Siglufirði til varðveislu.

Því er hér minnst á kvæði Látra-Bjargar og séra Sigtrygg Guðlaugsson að nútímafólk mætti leggja hugann að fyrri tíð og tekið nóttis af ævi og örlögum fyrirtíðarmanna. Vill svo til að þau tvö spásséra með okkur enn þann dag í löngu liðin Látrabjörg með skírskotun sinni til veðráttunnar og viðgangi manna og dýra og að ekki sé alltaf á vísan að róa í þeim efnunum. Séra Sigtryggur með breytningu sinni og afneitun á lífsgæðum sem svo mundi vera kallað nú á dögum. Heimili hans og Hjaltlínu konu hans á Núpi í Dýrafirði er óraskað prestsheimili frá níttjándu öld þótt það hafi verið sett saman á þeirri tuttugustu. Ber það vitni um mikla nægjusemi en varla verður sagt að þar hafi verið fátækt í búu. Upp hefur vakist hreyfing á Vesturlöndum þar sem fólk leitast við að lifa við naum lífsgæði. Reynir að einfalda líf sitt og umhverfi og ástunda nægjusemi í hvívetna. Meira að segja markaðsöflin eru farin að taka tillit til þessarar tilhneigingar með því að framleiða fábreyttar vörur sem duga samt. Orðið minimalismi hefur verið þýtt sem naumhyggja á íslensku sem kannski er ekki góð þýðing því naumur á íslensku merkir eiginlega nískur.

Naumhyggjan varð áberandi í listum þegar líða tók á síðustu öld og var ameríski listamaðurinn Donald Judd eitt stærsta nafnið sem upphafsmaður minimalismans og á sér gripi í helstu listasöfnum veraldarinnar. Slúnkaríki á Ísafirði hafði þann heiður að sýna verk eftir Donald Judd skömmu fyrir dauða hans. Pistlahöfundur þessi tók þá viðtal við karlinn til að útvarpa í Svæðisítvarpi Vestfjarða og gott ef það fór ekki suður í einhvern uppskrúfaðan menningarþátt á Rás 1. Mér fannst Donald Judd ekki gefa mikið af sér og var heldur þumbaldalegur. Líklega verið í stíl við minimalisma hans sem átti þá heima í stóru flugsýli í Kaliforníu. Mér varð á að segja að þetta væri nice piece of furniture (lagleg mubla) og faðir minn væri einmitt húsgagnasmiður. Féll í grýttan og mínimalískan jarðveg hjá Judd. Hann féll frá árið 1994 og blessuð sé minning hans.

Ef litid er til íslenskra handrita fornra hafa höfundar verið sparir á orðin. Kálfskinn voru dýr og múður að búa til nothæft blek. Því ekki nema á færi efnamanna og klaustra að láta skrifa. Því má segja að íslensk fornrit séu mínimal enda skrifuðu höfundar ekki nafn sitt undir til að spara skinn og blek og hefur orðið fræðimönnum efni í margar hálærðar ritgerðir á síðari tímum.

En aftur að séra Sigtryggi og Hjaltlínu. Þau stunduðu aldrei neinn búskap með húsdýr en lifðu mjög á jarðargróða sem þau ræktuðu sjálf. Má jafnvel ímynda sér að þau hafi verið það sem síðar var nefnt grænmetisætur. Sem er örlítið fráhrindandi nafngift og minnir á hrossketsætur. Þótti sérkennilegt fólk sem taldi sig geta lifað á grænmeti einu saman. Náttúrulækningafélagið er manni í barnsminni og það rak verslun í Reykjavík og síðar matsölustað. Hælið er enn í Hveragerði og á ekkert undir Sláturfélagi Suðurlands með aðföng. Kaffi var ekki drukkið í Hlíð en þó borið gestum og kallað prestakaffi. Litið á kaffi sem fíkniefni sem það náttúrlega er. Talað um kaffimennina með ákveðnum tón.

Þótt séra Sigtryggur hafi verið sparsamur gagnvart sjálfum sér var hann ekki naumur á að miðla uppvaðandi kynslóð því sem hann taldi horfa til nokkurs þroska. Gardurinn Skrúður var liður í þeirri viðleitni og notaðist hann við sýnishorn þaðan og úr náttúrunni í kennslu sinni. Hún var í formi fyrirlestra eins og sjá má af ljósmyndum og í skóla hans voru ekki haldin formleg próf. Síðar voru ekki miklir skólamenn með miklum skólamönnum sem ekki kunnu að brugga próf full af gildrum og netadræsum sem ungið skýldi festast í og helst ekki sleppa lifandi úr. Alræmdast var landsprófið svokallaða frá 1946 sem glúrnir kennarar sáu við þegar tímar liðu. Landsprófin voru gefin út á sérstakri bók og séðir kennarar stögluðu gömlu landsprófin ofan í lærisveina sína og – meyar í líf og blóð. Þórarinn gamli Þórarinsson, guðfræðingur frá Eiðum, þótti hafa náð lengst við að kenna landsprófin utanbókar í Kvennaskólanum í Reykjavík. Þjóðráð þótti að senda tossana að sunnan á héraðsskóla að þreyta landspróf þar sem þeir voru barðir til bókar og beittir harðræði í lestímum. Þetta er nú orðin útdúrd, en þó ekki.

– En er veturinn að þeim tekur sveigja, veit ég engan verri reit um veraldar reit. – Menn og dýr þá deyja. – Þannig lýkur kvæði Látra-Bjargar um Látraströndina þar sem hún var lengst af til heimilis.

Bræðurnir frá Þróm í Gilsárdal í Eyjafirði, fyrst Kristinn Guðlaugsson og síðan séra Sigtryggur, færðu sig vestur í Dýrafjörð þar sem smjör drap af hverju strái í hinum gróðursæla Mýrahreppi og settu svip sinn á menningu og mannlíf. Látra-Björg varð hins vegar úti á vengangi sínum norður í Svarfaðardal árið 1784, orðin förukona. Þá voru móðuharðindi og hin römmu regindjúp ræsktu sig upp um Laka.

Svona var nú þetta. Bangað saman í Hnífsdal á hásumri 2016

Finnbogi Hermannsson

Auglýsingasími bb.is er 456 4560

Frá Íran til Ísafjarðar

Majid Eskafi
nemandi við
Háskólasetur
Vestfjarða



Majid Eskafi er þrjátíu og þriggja ára Íraní sem hefur undanfarin tvö ár alið manninn á Ísafirði. Hann er fæddur og uppalinn í Teheran höfuðborg Íran, borg sem telur 12 milljón manns. Þar ólst hann upp með foreldrum sínum, eldri systur og yngri bróður og er fjölskyldan öll að honum undanskildum enn búsett þar. Hann gekk menntaveginum í heimalandinu, útskrifaðist með bakkalárgráðu í verkfræði og meistargráðu í hafeðlisfræði og um þessar mundir er hann að ljúka meistaranámi í haf- og strandsvæðastjórnun við Háskólasetur Vestfjarða. Hann er metnaðarfullur og algjört vísinda-frík að eigin sögn og veit fátt betra en að kafa djúpt ofan í það sem vekur forvitni hans og dettur ekki í hug að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur.

Frá Íran til Ísafjarðar

Það er ekki margt líkt með Ísafirði og Teheran, hvort sem litið er til landslags, menningar eða hitastígs. Majid segir að staðir líkt og Spánn sem gjarnan laðar Íslendinga til sín sökum hitastígsins ekki hafa aðdráttarafl fyrir hann. Honum finnst mun meira spennandi að fara til kaldari staða, líkt og Íslands.

Íran er ríkt af náttúruauðlindum og um það bil 16 sinnum stærra en Ísland að flatatmáli og þar eru andstæður miklar í

landsins gæðum, allt frá snævi þöktum fjöllum í norðri, til eins heitasta staðar á jörðinni í eyðimörkinni í landinu miðju. Íbúafjöldi í Íran er um 78 milljónir og er það í sautjanda sæti yfir fjölmennustu lönd heimsins í dag. Innan landsins eru mikil menningarblæbrigði, með ólíkum andlitsdráttum, mismunandi klæðaburði, fjölmörgum mállýskum og mismunandi matarhefðum.

Íran er Íslamskt ríki sem telst til Mið-Austurlanda með landamæri að Aserbaídsjan, Armeníu og Túrkménistan í norðri, Pakistan og Afganistan í austri, Tyrklandi og Írak í vestri og strandlengju að Persaflóa í suðri og Kaspíahafi í norðri. Landið á langa og ríka menningarsögu og þar upphófst eitt fyrsta menningarríki heims, Elam, um 3200 f.kr.

Majid segir að Íslendingar almennt viti kannski ekki svo mikið um Íran og gang mála þar í landi. Majid segir landið nútímalegt og þar ríki bróðerni meðal íbúanna. „Það er oft eins og ef það er vandamál í kringum Íran þá hljóti það að eiga við þar líka. En það er álíka fjarstæðukennt og að segja að ef eitthvað kemur upp í Noregi eða Danmörku, þá hljóti sama ástand að ríkja á Íslandi þar sem það er nágrennaland. Þó að stríðsástands gæti í kringum Íran, þá eru engin slík vandamál

þar. Þar eru engar hryðjuverka-árásir og engar trúarbragðadeilur og þó landið sé Íslamskt þá búa þar múslímar, kristnir, gyðingar, búddistar og fólk af flestum öðrum trúarbrögðum án vandamála.“

Majid segir að auðvitað þurfi stjórnvöld í Íran að hugsa út frá tiltekinni herkænsku, bæði vegna legu landsins sem og vegna þess að þar séu gríðarlegar auðlindir. „Við eigum stærstu gaslindir í heimi og erum fimmta stærsta olíuríki heims. Við erum með Kína öðru megin við okkur og Rússland hinu megin og við erum með lönd í kringum okkur þar sem stríðsástand ríkir, svo staðsetning landsins spilar stórt hlutverk. Við þurfum því að hafa stífar reglur með hvað sem er, en það er samt þannig að átökin eiga sér stað utan landsins og kannski um hluti innan landsins en engin átök inn í landinu sjálfu. Við sem þar búum reynum bara að eiga gott líf.“

Annars segist Majid vera vísindafrik. Hann verji öllum sínum tíma í rannsókni og leiðist pólitík og reyni eftir fremsta megni að skipta sér ekkert af mikið af henni.

Íran mikið ferðamannaland

„Á síðasta ári var ég með kynningu í skólanum um strandsvæði Íran, en við eigum land að sjó bæði við Persaflóa og

Kaspíahaf. Hvað fólk gerði þar, bæði með tilliti til fiskveiða og afþreyingar og allir voru gapandi hissa á því hvað landið hefði upp á margt að bjóða og sagðist vera með allt aðra mynd í huga og margir spurðu í kjölfarið hvort þeir mættu koma í heimsókn. Þessi litla kynning breytti ásýnd þeirra sem þarna voru á landinu, þar sem þau sögðust heyra allt aðra hluti í fjölmiðlum.

Íran er til að mynda mikið ferðamannaland og koma fjölmargir til að skoða landið á ári hverju hvaðanæva af úr heiminum. Það er svo margt að skoða í þessu stóra og fjölbreytta landi, sem liggur á milli tveggja hafa með fallegum ströndum, með fjöllum og skóga með fjölbreyttu dýralífi, eyðimerkur og nútímalegar stórborgir. Við erum með mikla menningarsögu sem eitt af elstu byggðu löndum heimsins. Þar er mikið um fornminjar, líkt og kastala og heilar neðanjarðarborgir. Þetta er alveg frábært land að heimsækja fyrir ferðafólk sem er að leita eftir fjölbreytni, þar sem á sama deginum það getur skellt sér á skíði og inn í eyðimörk.“


Majid býr í Herkastalanum við Mánagötu og segist hann hitta talsvert af ferðafólki þar og er þeir spyrja hann um uppruna, segjast fjölmargir hafa komið til Íran og bera landinu góða söguna, bæði vegna fjölbreytni

þess, sem og vegna gestrisni íbúanna. „Íranar eru sérlega gestrisið fólk. Ef þú kæmir þangað peningalaus, þá þyrftirðu ekki að hafa neinar áhyggjur, fólkíð myndi sjá um þig og gefa þér mat og gistingu – og jafnvel farmiðann heim.“

Verkefnastjóri í heimalandinu

Í heimalandinu Íran vann Majid að námi loknu fyrir hið opinbera í fjögur ár, þar sem hann hafði yfirumsjón með framkvæmdum. „Ég var verkefnastjóri þar sem ég var með ýmis verkefni á minni könnu. Líkt og varnargarða og varnir fyrir flóðbylgjur, en suðurhluti Íran getur orðið fyrir þeim. Þar fórum við í samstarf við innlenda og erlenda háskóla til að finna út hverslags varnir myndu henta best. Ég var einnig í ýmiskonar rannsóknarvinnu innan ramma hafeðlisfræðinnar, líkt og að skoða sjávarföll og strauma, innihaldsefni sjávar og fleira í þeim dúr. Svo tók ég þátt í verkefnum sem fólu í sér að útbúa mannvirkin sjálf.“

Mörgum verkefnanna þurftu við að fylgja eftir frá upphafi til enda, þó okkar helsta hlutverk hafi verið að vera opinberir eftirlitsaðilar með verkunum. Það þurfti að finna bestu mögulegu framkvæmdaðila að hverjum verkþætti fyrir sig og fylgja þeim eftir. Þetta gat verið erfitt starf, því



sem opinber starfsmaður með þessa ábyrgð þá þarftu í raun að vita allt mögulegt um alla hluti. Hversvegna? Jú, því ef þú veist hlutina ekki betur en sá sem tekur að sér verkið þá getur hann mjög auðveldlega svindlað á þér og það eru margir tilbúnir að gera það. Þetta var stundum mjög erfitt fyrir mig, en yfirmaður minn sagði allavega að ég væri að standa mig vel. Þetta var mjög góð líffreynsla, en ég ákvað að mig langaði að læra meira.”

Sjávarhiti sem orkugjafi

„Lokaverkefnið mitt við Háskólasetrið snýst um endurnýtanlega sjávarorku þar sem notuð er sjóvarmæðla til að vinna hita úr sjónum til nýtingar á strandsvæðum. Verkefnið vann ég á Flateyri í samstarfi við Orkubú Vestfjarða og hófum við verkið þann 1. apríl árið 2015. Þá byrjuðum við á að rannsaka hitastig sjávarins til að sjá hvort að þessi valkostur væri fýsilegur hér og ég hef komist að niðurstöðu og ef þið viljið heyrna niðurstöðurnar þá eruð þið velkomin í lokavörðina mína við Háskólasetrið í næsta mánuði.“ Segir Majid og hlær og bendir á að hann eigi eftir að kynna niðurstöðurnar skólunum. Hann laumar því þó að, að leiðbeinendur hans hafi verið ánægðir með verkið.

„Ég er ekki þannig að vilja flýta mér að hlutunum. Ég er þegar með meistaragraðu og langaði mig að gera hlutina virkilega vel í náminu og skoða það sem ég var að vinna að eins gaumgæfilega og mér væri unnt. Inni í miðri rannsókn réðst ég til dæmis í hliðarverkefni að kanna til hlítar sjávarstrauma með tilliti til tíðni, hraða og hitastigs innan viss svæðis, svona líkt og að geta lesið veðurspá, nema

neðansjávar og er þetta fyrsta sinn sem einhver ræðst í slíkt á Íslandi. Nú er ég að klára og ég er mjög ánægður með vinnuna mína og ég lagði mig mikið fram og niðurstöðurnar eru góðar.“

Majid sýndi og sannaði metnað sinn er hann var einn af þremur sem hlaut á síðasta ári námsstyrk frá Byggingastofnun. En er verkefnið eitthvað sem hentar íslenskum aðstæðum og gæti það komið sér vel fyrir Vestfirði?

„Þetta er raunverulegt verkefni sem felur í sér mikinn ávinning fyrir samfélagið. Það getur aukið á sjálfbærni- og orkuskiptum allra. Þetta er algjörlega endurnýtanleg orka með nánast engum umhverfisáhrifum og dregur úr óumhverfisvænni aðferðum til kyndingar. Fullkomlega græn orka sem alltaf er aðgangur að, þar sem hér er sjór út um allt með varma í sér sem nota má til kyndingar. Þetta er þá virkilega gott fyrir Ísland í heild sinni þar sem flest byggð ból hér á landi eru á strandsvæðum.“

Majid skýrir út fyrir bláeygðum blaðamanninum hvernig hægt er að vinna umhverfisvænan orkugjafa úr hitanum í sjónum, með því að vinna úr þeim mikla massa vatns sem umlykur landið. Orkan er ekki unnin úr straumnum sem slíkum, en hann skiptir þó máli að því leitinu til að auknum straumi fylgir meira magn vatns, sem má vinna úr meiri hita. Hann líkir þessu við virkni ísskápa þar sem litla raforku þarf til að umbreyta hlýja loftinu fyrir utan ísskápinn í það kalda inn í honum.“

Sjóvarmæðlur eru notaðar víða í Skandinavíu, í Kína, Bandaríkjunum, Kanada og Grænlandi. Til að mynda notast stærsti vatnsleikjagardur í heimi við þessa tækni til að hita upp vatnið hjá sér. Majid

segir verkefnið henta ágætlega norður-Atlantshafi þó löndin þar séu nú ekki þekkt fyrir hlýindi, en hafstraumar hér beri með sér hlýrri sjó.

Til náms á Íslandi

- Hvernig stóð á því að þú valdir Ísland?


„Ég hafði heyrt að það væri mjög gott að læra og stunda rannsóknarvinnu á Íslandi, í strandsvæðastjórnun, strandverkefni, landbúnaði, fiskveiðum og flestu sem tengist sjávaríðnaðinum. Svo ég fann námið við Háskólasetur Vestfjarða sem ég valdi og hefur það gefið mér frábært tækifæri til náms og rannsókna.“

Majid segir Ísland fullkomið land fyrir námsmann. „Hér er hægt að læra allan sólarhringinn. Á sumrin í björtu nóttunum er hægt að læra alla nóttina og á veturna er líka hægt að læra allar nætur, því þær eru líka fallegar með myrkrinu, snjónum og norðurljósunum. Ég elska snjóinn! Hversvegna að eyða tímanum í svefn þegar að það er hægt að gera svo margt skemmtilegt. Ég hef engin gluggatjöld fyrir gluggunum hjá mér, það er svo fallett að fylgjast með birtunni breytast og allri þessari stórbrotnu feegurð fyrir utan gluggann hjá mér. Ég


verð mjög innblásinn af þessari feegurð og ég get lært út í hið óendanlega.“

En hvernig finnst honum námið? „Ég var með einhverjar hugmyndir um það hvernig námið myndi vera, þar sem ég hef þegar farið í gegnum nám á meistarastigi, en það var í grunninn mjög ólíkt þessu námi, mikið um útreikninga, eðlis- og verkefni. Þetta nám snýst hinsvegar mikið um stjórnun, svo það er allt annað. Gæði námsins hér eru ágæt en þegar kemur að þáttum eins og að leiðbeina nemendum, efla þá og hvetja til dáða þá er námið hér alveg frábært. Það er mikil virðing fyrir nemendum, ekki að það sé ekki borin virðing fyrir nemendum heima, en það er bara svo ólíkt að kenna stjórnun og kaldar reikningsformúlur. Kennararnir verja miklum tíma í að auka þekkingu nemendanna, sem er mjög gott. Ég er mjög ánægður með að hafa valið þetta nám.“

Það er líka frábært fólk að vinna þarna sem hefur hjálpað mér mikið, eins og Dagný áfangastjóri, sem reddaði öllum viðtölum sem ég þurfti að fara



Straummæling í Önundarfirði.



Hiti sjávar í Önundarfirði.

í áður en ég tók endanlega ákvörðun um lokaverkefnið.“

- Telurðu að þetta hafi eitthvað að gera með smæðina, að einingin sé svo lítil að það geti reynst erfitt fyrir nemendur að sigla undir radarinn líkt og getur svo auðveldlega gerst í stærri skólum?

„Ég held að það ætti enginn að þurfa að sigla undir radar yfirleitt í námi. Fólk er búíð að velja sér nám við hæfi og ætti að sjálfsgöðu að taka ábyrgð á því og vinna vinnuna sína. Svo ég tali bara fyrir sjálfan mig, þá er ég sannarlega ekki hér bara til að standast einhver próf sem eru lögð fyrir mig eða hér til að skemmta mér. Ég er hér til að bæta við þekkingu mína og til að læra. Ég er hér til að gera eitthvað jákvætt og uppbyggilegt. Þegar ég var að velja lokaverkefni mitt þá gerði ég það með þetta í huga, að það gæti gagnast Ísafirði, Vestfjörðum og Íslandi.

Ég var að skoða nokkur verkefni og fundaði til að mynda með Mugga hafnarstjóra og Gísla Halldóri bæjarstjóra vegna hugmynda um þróunarverkefni fyrir höfnina. En svo hugsaði ég að ég vildi ekki bara vinna verkefni sem væri bara eitthvað skriflegt, heldur vildi ég að það væri þannig að hægt væri að færa sér það í nyt að vinnu minni lokinni. Þannig að ég valdi þetta erfða, verðuga verkefni. En eins og ég var búin að segja þá er ég algjört vísindafrik og elska að gefa mig þeim á vald. Ég þarf á vísindum að halda líkt og mat og súrefni.“

Samfélagið á Íslandi einstakt

Ísland og Ísafjörður hafa sannarlega haft áhrif á Majid þau tvö ár sem hann hefur dvalið hér og segist hann kunna mjög vel við sig á Ísafirði. „Ég verð að segja að samfélagið hér er alveg einstakt. Mér hefur fundist alveg

frábært hversu hjálplegt fólk er hérna og mér finnst Íslendingar vera eins og ein stór fjölskylda, sem þið kannski eruð, þar sem þið eruð ekki svo mörg. Ef ég hef þurft á einhverju að halda þá er fólk boðið og búíð að redda því. Velvildin sem hér er að finna er alveg einstök á heimsvísu, ég er viss um að það finnst ekkert þessu líkt annars staðar. Ég held að þetta sé það besta sem ég hef fundið á Íslandi og þetta gerir mig hamingjusaman. Íslendingar eru mjög vingjarnlegir, ég var búinn að gera mér í hugarlund áður en ég kom hingað að þar sem Ísland væri kalt land þá hlýti fólk hér að vera kalt líka, en ég komst að raun um annað þegar ég kom hingað og Íslendingar fyrir mér eru mjög hlýtt fólk, gestrisið og opið og þeir gera allt sem þeir geta fyrir þig. Ég hef aldrei heyrt fólk segja „nei“ við einni einustu bön, það er alltaf fundin leið til að redda hlutunum.“

Hinn námsglaði og þekkingarþyrsti Majid hyggst halda áfram námi eftir útskrift frá Háskólasetri Vestfjarða og er draumurinn að komast í doktorsnám og þá helst í Bandaríkjunum. Hann segist þó bara taka einn hlut fyrir í einu og næst á dagskrá sér meistara-gerðarvörmin hér, síðan muni hann skoða hvaða möguleika lífið býður upp á og útilokar alls ekki að hann muni stunda frekara nám hér á landi eða halda áfram að vinna að verkefninu sem hann lagði upp með í meistaranáminu, en hann segir mikla möguleika fyrir hendi hér á landi í virkjun sjávarhita.

Hann segist vilja njóta frísins í smá stund að námi loknu og ferðast um Vestfirði og jafnvel víðar um landið. Hann segist afar þakklátur öllum á Ísafirði alla hjálpinu og fyrir að hafa gert dvöl hans eins ógleymanlega og



raun ber vitni og sendir kveðju að lokum: „Það væri of flókið mál að nefna alla á nafn sem hafa liðsinnt mér, svo ég segi bara „Takk Ísafjörður.““


annska@bb.is

Opinn spjallfundur Pírata

Kæru Vestfirðingar, Píratar bjóða til opins spjallfundar í fyrirlestrarsal Menntaskólans á Ísafirði í kvöld, fimmtudaginn 21. júlí kl 20:00. Ásta Guðrún Þingmaður, Sigríður Bylgja framkvæmdastjóri og Jóhann Kristjánsson kosningastjóri Pírata mæta og spjalla við gesti

Verið öll hjartanlega velcomin

Píratar á Vestfjörðum



Dýpi Öndarfjarðar.



Eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma

FRÍÐA ÓLAFSDÓTTIR
húsfreyja og verkakona í Súðavík,
síðast til heimilis á Hlíf 2 Ísafirði

lést á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða Ísafirði mánudaginn 11. júlí sl. útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Jarðsett var í Súðavíkirkirkjugarði.

Guðmundur Matthíasson
börn, tengdabörn
barnabörn og barnabarnabörn





Sportið í beinni...

fimmtudagur 21. júlí
 16:00 Golf - LPGA Tour
 20:00 Golf - PGA Tour

föstudagur 22. júlí
 12:00 Man United - Dortmund
 16:00 Golf - LPGA Tour
 19:00 Demantam: London I
 19:15 Fram - KA
 20:00 Golf - PGA Tour

laugardagur 23. júlí
 08:55 F1: Æfing - Ungverjal.
 09:00 Melb. Victory - Juventus
 11:30 F1: Keppni - Ungverjal.
 11:50 F2: Tímat. - Ungverjal.
 14:00 Demantam: London II
 16:00 Pepsi deild karla
 16:30 Celtic FC - Leicester City
 17:00 Golf - PGA Tour
 19:00 Golf - LPGA Tour

sunnudagur 24. júlí
 17:00 Golf - PGA Tour
 18:00 Golf - LPGA Tour
 19:30 Pepsi deild karla
 21:00 Inter Milan - PSG

mánudagur 25. júlí
 11:30 Man City - Man United
 19:30 Pepsi deild karla
 22:00 Pepsi deild karla

þriðjudagur 26. júlí
 10:00 Juventus - Tott. Hotspur
 19:00 Pepsi deild kvenna

miðvikudagur 27. júlí
 19:00 Selfoss - Valur
 19:15 HK - Leiknir R
 23:30 Real Madrid - PSG
 01:30 B. Munchen - AC Milan
 03:30 Liverpool - Chelsea

Dagar Íslands

21. júlí 1808:
 Sveitalögreglu Íslands komið á með tilskipun og hreppstjórar gerðir að lögregluþjónum. Þá var kveðið á um hvernig einkennisbúningar þeirra áttu að vera. Það voru bláar og svartar langbrækur (leista-brækur), gult vesti og blá treyja með ekta silfurborða um uppslög og kraga.

22. júlí 1910:
 Zeppelin-loftfarið flaug í fyrsta skipti.

Helgarveðrið

Á föstudag og laugardag:
 Hæg austlæg eða breytileg átt. Skýjað og dálítill væta í flestum landshlutum, síst þó NA-til. Hiti 10 til 18 stig, hlýast NA-lands.

Á sunnudag:
 Austlæg eða breytileg átt 3-8. Skýjað og rigning með SA- og A-ströndinni en stöku skúrir í öðrum landshlutum. Hiti breytist lítið.



		BYRJUN	ELDA	TREYSTA		TVEIR EINS	ÝTARLEGRI	SKEL
	↓	TVÍBAKA	Í RÖÐ	SAMTÖK		PLANTA		
				LOGA		GÖT		
FÓTMÁL					ÞAK			
					HLÓÐIR			
GÁSKI				RUSL			TALA	
				MÁLMUR				
Í RÖÐ			RJÁL			UPP-HRÖPUN		
			AUMA			NÆGILEGA		
SVELGUR				SEFUN			ÓNEFNDUR	
				SVÖRÐUR			NÁLÆGD	
NAGA					FYLLIBYTTA			RASK
					LOTA			
		GORT				GETRAUN		
		SAMBAND				HAGNAST		
HARLA				TAMNING				ESPA
				UMFRAM				
BÓK-STAFUR			ÁÐUR			SKYGGNI		
			TÁL			SÆ		
FÆÐA				HVÆS			FRÍÐUR	
				ÁTT			RÚN	
FÉLAGI					DJÆF			
KK NAFN					HJARA			

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS
 OG
 JARÐAR

Mánagötu 2
 400 Ísafirði
 Sími: 456 4560
 Netf.: honnun@bb.is

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is

Lausn á síðustu krossgátu

				ÆSKJA	UNDIRREINS	MULDUR		TUNNU	ÁVALA	MATJURT			
				ANDMÆLI	M	Ó	T	B	Á	R	A		
				ÞJÓTA	Æ	Ð	A	NAGDÝR GÆLUNAFN	M	Ú	S		
				BÖÐUN	L	A	U	G	U	N	P		
				NABBI	A	R	T	A	ÁTT UPP- SPRETTA	N	A		
				SAMTÖK SAMRÆÐA	S	A	DRYKKJAR- LÁT ÁVÖXTUR	G	L	A	S		
				↓	RÁKIR	STEFNA	VÆTA SJÁDU	A	G	I	HRÆFTA INNYFLA		
DÚLLA	K	R	Ú	T	T	LESVÉL	S	K	A	N	N	I	
BEKENNA	J	Á	T	A	LEKKA	PREKVIRKI MÆLI- EINING	L	E	K	A	D	Á	Ð
PYAGA	Ö	S	DROPA STILLA	L	E	K	A	P	R	E	M	Á	R
AD	T	I	L	MÓT HALD	F	O	R	M	ÓP ÁRÁS	Æ	R		
GOT	H	R	O	G	N	STINGA LISTI	N	I	S	T	A		
	L	JURT ÁLPAST	G	R	A	FUGL RÍKIS	L	Ó	A	KORN			
INNHALD	E	F	N	I	ÚTUNGUN EIGNA	K	L	A	K	BRODDUR	H		
RÓMVERSK TALA	I	L	SAMSTÆÐA EFNI	P	A	R	A	NUGGA LEIKFÖNG	N	Ú	A		
FLÍK	F	A	T	NÁLÆGD TVEIR EINS	N	Á	N	D	TVEIR EINS SKÖLI	F	F		
GLEÐI	U	N	Á	Ð	S	ÚR- SKURBUR	D	Ó	M	U	R		
BLÓMI	R	A	U	Ð	A	GLÁPA	S	T	A	R	A		

Sudoku prautilir

5		9	6			1	7	2
	7	1						
8	2		5				3	
3			9	4	6			
			8		5	7		
		5				9		8
4	9				8			5
7					1			9
	6				9	8	2	

			3			1		
6	7	1				2		5
					2			
2	8	3	7	6	4		1	
4	6	7		9			2	3
	5		8	2		4	7	6
	9	2	4				5	
	1			3		9		7
5	3	4			9		8	



Sprellað á bátum og spurt á pöbbum

Hin árlega byggðarhátíð Reykhóladaðar hefst í dag, fimmtudaginn 21. júlí, og stendur fram á sunnudag. Að venju er dagskráin þétt skipuð og fjölbreytt og skipulagning gengur vel að sögn Jóhanna Aspar Einarsdóttur tólmstundafulltrúa Reykhólahrepps en hún hefur umsjón með Reykhóladaðdögum. „Þetta er allt að smella saman, bara síðustu reddingar á síðustu metrunum. Dagskráin byggir á sama gamla grunninum sem fólk treystir á en þó eru nokkrir nýir viðburðir í bland. Við ætlum t.d. að hvíla spurningakeppni-

ina í ár en það verður Pöbkkviss á Bata- og hlunnindasýningunni á föstudeginum í staðinn. Bata-sprell í Bjarkalundi á fimmtudeginum er líka nýtt hjá okkur og svo spilar Bjartmar Gunnlaugsson þar seinna um kvöldið. Að öðru leyti er dagskráin svipuð og síðustu ár,“ segir Jóhanna. Af fjölmörgum viðburðum hátíðarinnar má nefna Bata-bíó, brennu, sundlaugarfjör í Grettislaug, hverfakeppni, þarabolta, fótboltagolf, dúó Þórunnar og Halla, Reykhóladaðgahlaupið, dráttarvélalall, karnival og skott-

sölu í Hvangarðabrekku, grill, barnaball og stórdansleik með Sniglabandinu. Ítarlega dagskrá má sjá á vef Reykhólahrepps. Aðspurð hvernig henni lítist á spána fyrir næstu daga segir Jóhanna hana líta ágætlega út. „Það hafa verið sviptingar í spánni reyndar, sem segir ekki það sama dag frá degi en það á að minnsta kosti að vera hlýtt og stillt. Við treystum á skaplegt veður bara,“ segir hún og bendir að lokum á að næg séu tjaldstæðin á svæðinu, pláss sé fyrir alla sem vilja koma. *harpa@bb.is*

PRENTUM
ALLT MILLI
HIMINS

↑
OG
↓

JARÐAR

Mánagötu 2
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

Þjónustu- auglýsingar

ENDURSKOÐUN Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910
VESTFJARÐA ehf
Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

HRADFRYSTIHÚSÍÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



1.679
kr. kg

Kjarnafæði Lambasirlonsneiðar
Kryddlegnar, ferskar

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT



1.998
kr. kg

Íslandslamb Lambalærissneiðar
Kryddlegnar, blandaðar, ferskar



2.598
kr. kg

Íslandslamb Lambakótilettur
Kryddlegnar, ferskar

1. FLOKKUR



2.598
kr. kg

Íslandslamb Lambalærissneiðar
Kryddlegnar, 1. flokkur, ferskar

GOTT VERÐ Í BÓNUS

100%
Íslenkt
ungnautakjöt

4stk
80 g

598
kr. 4x80 g

549
kr. 2x120 g

Íslandsnaut
Ungnautaborgarar
2x120 g eða 4x80 g



1.279
kr. 900 g

Euro Shopper Kjúklingabringur
Frosnar, 900 g

BONUS

skilar til viðskiptavina
ólöglegri gjalddöku ríkisins
við útboð á kjúklingakvóta til
innflutnings á kjúklingakjöti*


**TAKMARKAÐ
MAGN**



498
kr. kg

Danpo Kjúklingur
Danskur, heill, frosinn

**LÁGT
VERÐ
ALLA DAGA**



**GOTT Í
BOOSTID!**



198
kr. 350 g

Bónus Hrásalat
350 g



298
kr. 225 ml

Nonna Bearnaisesósa
225 ml



198
kr. 300 ml

Hamborgarasósa
300 ml



398
kr. 1 kg

Euro Shopper
Berjablanda, frosin, 1 kg



398
kr. 1 kg

Euro Shopper
Jarðarber, frosin, 1 kg



398
kr. 500 g

Euro Shopper
Hindber, frosin, 500 g



59
kr. 250 ml

ES Orkudrykkur
250 ml, 2 teg.



39
kr. 200 ml

ES Safar
200 ml, 3 teg.

BONUS EKKERT BRUÐL

Opunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með **24. júlí** eða meðan birgðir endast